

7. bekkur

Danska

Markmið. Að nemandinn þjálfist í einfaldri dönsku, þ.e. að hann skilji einfaldar setningar sem æfðar hafa verið. Hann geti lesið einfalda texta og ritað. Að nemandinn fái innsýn í danskt samfélag og menningu.

Kennslufyrirkomulag. Nemendur fáist við fjölbreytt viðfangsefni í gegnum bækur, daglegt líf, þemaverkefni og leik.

Námsefni. Start lesbók og vinnubók ásamt hlustunaræfingum. Ljósrituð verkefni s.s. krossgátur og þrautir frá kennara. Kvikmyndir og eða sjónvarpsþættir.

Námsmat. Stuttar kannanir í námsbók og gátlistar.

Kennari: Baldur Gauti Gunnarsson

Enska

Markmið:

Hlustun

- skilji í megindráttum efni tengt daglegu lífi þegar talað er skýrt
- skilji algengar upplýsingar, fyrirmæli og leiðbeiningar tengdar daglegu lífi
- skilji algengustu orðasambönd og orðatiltæki í daglegu máli

Lestur

- geti lesið einfaldar smásögur, skáldsögur, frásagnir og fræðsluefni ætlað börnum og unglingum

Ritun

- geti skrifað nokkuð rétt samfelldan texta eftir fyrirmyndum eða fyrirmælum
- geti samið stuttan texta, t.d. sögu eða ljóð

Talað mál - frásögn

- geti gefið einfaldar upplýsingar og leiðbeiningar
- geti sagt í aðalatriðum frá því sem hann hefur lesið eða heyrt

Námsgögn:

Action lesbók og vinnubók, eða annað efni sem hentar hverjum og einum. Ljósritaðar sögur af skólavef ásamt verkefnum. Málfræðihefti B og C. Krossgátur, leskaflar, stílar og styttri verkefni frá kennara.

Námsmat: Á haustönn er vinnuframlag í tímum aðallega metið, frammistöðumat á miðönn og hefðbundnara mat með könnunum á vorönn.

Tímafjöldi: 2 tímar á viku

Kennari: Þórður Mar Þorsteinsson

Náttúrufræði

Markmið: Að nemendur fái innsýn í eðlis-, efna- og jarðfræði og kynnist og geti beitt hugtökum því tengdu. Helstu atriði sem tekin eru fyrir eru byggingareiningar alheimsins, varmi, eiginleikar efna, orka og orkunotkun, rafmagn og fl.

Kennslufyrirkomulag: Í tímum munu verða fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna og tilraunir.

Námsefni: Lestrarbókin *Auðvitað -heimilið og fl.*

Námsmat: Lokapróf munu verða með reglulegu millibili úr efninu og gilda þau samanlagt 50% á móti vinnubók sem gildir 50%.

Kennari: Sólrún Víkingsdóttir

Heimilisfræði

Markmið:

- Að nemandi geri sér grein fyrir samhengi heilsu og lífsstíls og kynnist ráðleggingum lýðheilsustöðvar.
- Að nemandi þekki hlutverk næringarefnanna og viti hvar þau er að finna.
- Að nemandi beri saman næringargildi fæðu úr jurtum annarsvegar og fæðu úr dýraríkinu hinsvegar og skoði sérstaklega korn og kornflokkinn
- Að nemandi geti farið eftir uppskriftum og stækki þær eða minnki eftir þörfum
- Að nemandi geti eldað, bakað og steikt með einföldum aðferðum og temji sér rétt vinnubrögð og noti rétt áhöld
- Að nemandi temji sér hreinlæti, frágang í eldhúsi og læri að strauja.
- Að nemandi temji sér borðsiði og kynnist því að bera fram mat.
- Að nemandi temji sér að hugsa um umhverfið og sparnað. Spara hráefni og orku, velja vörur sem eru betri fyrir umhverfið og endurvinnna það sem hægt er.

Kennslufyrirkomulag: 7. bekkur er í tvöföldum tíma í hverri viku.

Námsgögn : Gott og gagnlegt og efni frá kennara.

Námsmat.: Umsögn byggð á frammistöðu í tímum, sjálfsmati og gátlistum. Þættir sem eru sérstaklega metnir eru vinna og vinnubrögð, verkefni, bókleg eða munnleg, frágangur og hegðun.

Kennari: Ingiborg Jóhanna Kjerúlf

Íslenska 7.b.

Markmið: Að nemendur nái góðum leshraða og efli lesskilning og að þeir geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum. Þjálfist í réttritun og þekki helstu reglur íslenskrar málfræði. Æfist í að skrifa fjölbreyttan texta svo sem skáldatexta, staðreyndatexta og fleira. Að þeir kynnist bókmenntaarfi þjóðarinnar eins og t.d. þjóðsögum, ævintýrum, ljóðum, skáldsögum og einnig nokkrum skáldum. Nemendur skila allavega tveimur stærri ritunarverkefnum af sér unnum í tölvu, annað er frumsamin saga en hitt er heimildaritgerð.

Kennslufyrirkomulag: Íslenskutímum nemenda er skipt niður í málfræði, bókmenntir, stafsetningu og ritun. Það sem nemendur klára ekki af settri áætlun í kennslustund þurfa þeir að klára heima.

Einnig er vonast til að nemendur séu duglegir að lesa heima og ætlast til að þeir lesi upphátt fyrir einhvern allavega fjórum sinnum í viku og láti kvitta á þar til gert blað.

Nemendur í 7. bekk munu taka þátt í **Stóru upplestrarkeppninni**. Ræktun framsagnar og upplestrar mun hefjast eftir áramót og standa fram í mars en þá fer fram keppni á heimavelli og þar á eftir keppa fulltrúar Fellaskóla við aðra skóla á Héraði og fjörðum.

Námsefni: *Töfraskinna, Laxdæla, Málrækt 3, Orðspor 2, Orðspor 2 – vinnubók, Skræða I-vinnubók, Mál í mótun-vinnubók, Stafsetning* (brúna bókin), gagnvirkar æfingar í stafsetningu (á nams.is vefnum) o.fl.

Námsmat: Skil á verkefnum 40%, vinnusemi í tímum 10%, stærri ritgerð 10% og kannanir 40%.

Kennari: Sólrún Víkingsdóttir.

Íþróttir

Markmið:

- Að nemendur fái mikla og góða hreyfingu í hverjum tíma
- Að þjálfarar samhæfi nemenda
- Að nemendur þjálfist í grunnhreyfingum og í notkun ýmissa áhaldna.
- Að nemendur vinni saman og eflist í samskiptum og samvinnu.

Kennslufyrirkomulag: Ýmsir leikir og æfingar sem auka líkamsvitund, félags- og tilfinningaþroska.

Einnig verður reynt að kynna allar helstu íþróttagreinar sem þekktar eru á Íslandi.

Við **námsmatið** verður tekið tillit til:

- Virkni nemenda í tímum
- Hvort nemendur taki tillit hver til annars og geti unnið í hópum
- Hvernig nemendum gengur að fylgja fyrirmælum og fara eftir reglum, t.d. í leikjum.
- Hegðunar og framfara.

Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Kennari: Kristján Freyr Óðinsson

Lestrarpróf

Markmið: Að nemendur

- geti fylgst með árangri í leshraða, öryggi, nákvæmni og síðar framsögn.
- fái tækifæri til að setja sér markmið í lestri í samráði við kennara.

Fyrirkomulag: Nemendur fara í sérstök lestrarpróf 2-3 sinnum á ári. Byrjað er á því að fara yfir árangur frá síðasta prófi og markmið sem sett voru þá. Í hraðaprófi lesa nemendur texta upphátt fyrir kennara í 2 mínútur. Hraði er mældur í orðum og atkvæðum á mínútu. Fyrir nákvæmni og öryggi er tekið til greina hvernig nemandi les, endurtekningar, hik, villur, leiðréttingar o.þ.h. Kennari og nemandi fara saman yfir stöðuna strax og setja sér markmið fram að næstu önn. Eftir að nemandi

hefur náð 250-280 atkvæðum á mín. í leshraða (200-250 hjá nemendum með lestrarörðugleika) einbeittir hann sér frekar að framsögn/upplestur. Þá er áhersla lögð á skýrleika, hæfilegan hraða, leiklestur og svo innlifun og hrynjanda í ljóðalestri. Síðar bætast við augnsamband og líkamsstaða. Rætt er við nemandann um áframhaldandi æfingar og nýtt markmið sett.

Námsefni: Textar á lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun (Lesfimiþróf Lesferils), ýmis ljóð og bækur valdar af kennara til upplestrar. Viðmið leshraða í Fellaskóla fyrir lok 7.bekkar eru >250 atkvæði á mínútu.

Námsmat: Allar niðurstöður verða birtar foreldrum jafnóðum og hver bekkur hefur verið prófaður.

Kennari: Elke Angelika Schnabel

Lífsleikni

Markmið: Að nemendur fræðist um skaðsemi tóbaks og reykinga en einnig uppruna þess og sögu. Að nemendur þjálfist í að segja frá sér og sínum skoðunum á bekkjarfundum. Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda og víðsýni. Einnig að taka tillit til annarra og gera sér grein fyrir að það eru ekki allir eins.

Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar um tóbak og bekkjarfundir þar sem ýmis mál eru rædd. Rætt saman um efni í heftinu *Ég er bara ég* og efni á netinu og í fréttum hverju sinni o.fl.

Námsgögn: Bókin *Ég er bara ég, Tóbakið og þú*, fréttir og efni af netinu og fl.

Námsmat: Virkni og samskipti í tímum.

Kennari: Sólrún Víkingsdóttir

Myndmennt

Markmið:

- Að nemandi geti lýst munnlega skoðun sinni á mynd og rökstutt hana og notað hugtök myndlistarinnar við lýsinguna.
- Að nemandi kynnist listasögunni fram til 1900 og vinni verk út frá henni.
- Að nemandi skoði ákveðnar stefnur listasögunnar eins og popplist, kúbisma, abstraktlist og súrrealismi og vinni verkefni út frá þeim.
- Að nemandi noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við myndsköpun.
- Að nemandi kynnist fjarvidd og hugtökum þeim tengd.
- Að nemandi skoði uppstillingar og hvað í því felst.
- Að nemandi geti skilgreint hugtakið portrettmynd, vinni slíka mynd og þekki nokkrar slíkar myndir.
- Að nemandi læri að ganga vel um myndir, efni og áhöld

Kennslufyrirkomulag: 7. bekkur fær tvo tíma í myndmennt í hverri viku.

Námsgögn: Listasaga- frá hellalist til 1900. Verkefni frá kennara, Myndmennt 2, Internetið, bækur af bókasafni og efni til myndsköpunar.

Námsmat: Umsagnir byggðar á, gátlistum, sjálfsmati, vinnu í tímum, verklagi, sköpun, frágangi og samvinnu við kennara og nemendur.

Kennari: Halla Helgadóttir

Samfélagsfræði

Markmið: Að nemendur kynnist landafræði Evrópu og Íslands. Skálhóltsstaður verður skoðaður sérstaklega.

Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar, verkefnavinna, umræður og ýmislegt myndefni skoðað. Baldur og Sólrún skipta með sér kennslu.

Námsefni: Evrópa, Ísland – veröld til að njóta, Skálholt o.fl.

Námsmat: Verkefni gilda 50% og kannanir gilda 50% af lokaekunn.

Kennari: Baldur Gauti Gunnarsson og Sólrún Víkingsdóttir

Smíðar

Markmið: Að nemendur kynnist eiginleikum hinna ýmsu efna og tileinki sér hagkvæm vinnubrögð.

Verkþættir: Nemendur læra notkun handverkfæra s.s. sög, rasp, sandpappír o.fl. Nemendur kynnist mismunandi yfirborðsmeðferðum og fá að lakka eða olúbera. Unnið verður við einfalda gripi.

Námsmat: Við námsmat verður tekið tillit til vandvirkni, vinnusemi og frumkvæði í vinnu.

Kennari: Þorvaldur Benediktsson

Stærðfræði

Markmið: Að nemendur bæti ofan á þann grunn sem fyrir er í reikniaðgerðunum. Þeir efnisþættir sem farið verður í í vetur eru tölur og reikningur, tölfræði og líkur, margföldun og deiling, rúmfræði, mælingar, almenn brot og prósentur, mynstur og algebra. Sjá nánar efnisyfirlit í nemendabókunum Stika 3a og Stika 3b.

Kennslufyrirkomulag : Innlagnir í tímum og nemendur vinna síðan samkvæmt vikuáætlun þær blaðsíður og dæmi sem valin hafa verið. Ef nemendur ná ekki að klára í tímanum vikuáætlun verða þeir að klára heima.

Námsefni: Stika 3a og 3b nemedabók er lagt til grundvallar og eitthvað tekið í Stika Æfingahefti 3a og 3b. Einnig fleiri gögn eftir því sem þarf.

Námsmat: Nemendur munu taka kannanir jafnt og þétt úr efninu yfir veturinn og gilda þær 80% og virkni í tímum og verkefnaskil 20% á móti.

Kennari: Sólrún Víkingsdóttir

Sund

Markmið: Að nemendur nái auknu þoli og hraða á sundi og nái betri tókum á tækni. Einnig að nemendur læri leysitök og lífgunaraðferð.

Kennslufyrirkomulag: Synt á tíma og langsund. Einnig verður farið nánar í tækni sundsins og lögð áhersla á tengingu sunds og snúninga.

Námsmat: Áhugi, virkni, hegðun, 7. sundstig.

Kennari: Kristján Freyr Óðinsson

Textílmennt

Markmið: Áhersla lögð á hönnun og hugmyndavinnu. Að þjálfa nemendur í sjálfsstæðum vinnubrögðum og að nemendur læri að skipuleggja vinnu sína, þekkja mismunandi aðferðir og efni og vinni tengd verkefni. Að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika nemenda. Að efla samstarfsvilja og sjálfstraust nemenda.

Kennslufyrirkomulag: Áhersla verður lögð á einstaklingsvinnu sem og samvinnu nemenda sem byggir á samstarfi við aðra, þolinmæði og tillitssemi.

Samþætting verkefna í smíðum, nýsköpun og textílmennt.

Nemendur vinna með mismunandi aðferðir í textílmennt og fá þjálfun í að nota mismunandi áhöld og verkfæri. Áhersla verður lögð á umgengni og frágang. Unnið verður m.a. með hönnun og nýsköpun, endurnýtingu á fatnaði og textílefum sem til falla, vélsaum, útsaum, ullarþæfingu, tauprykk, vefnað og garnvinnu ýmiskonar.

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara/unnið út frá hugmyndum nemenda

Námsmat: Hugmyndavinna, virkni í tímum, samskipti við kennara og samnemendur, verklag og viðleitni, frágangur og skil á verkefnum.

Kennari: Þórey Birna Jónsdóttir

Tölvufræðsla

Markmið:

Að nemendur:

- Nái tókum á réttri fingrasetningu og góðum hraða á lyklaborði.
- Læri grunnatriði í ritvinnsluforritinu Microsoft Word og töflureikninum Microsoft Excel
- Nýti sér tölvur til upplýsingaleitar í námi og beiti þeim leitaráðferðum sem algengar eru í dag
- Geti skráð upplýsingar og unnið úr heimildum með eigin orðum
- Geti geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi (flokkir í möppur)
- Kynnist þeim möguleikum sem veraldarvefurinn býður upp á
- Læri grunnatriði í myndvinnslu

Námsefni: Verkefni í ritun, Office-pakkinn, ýmsir kennsluvefir og fl.

Námsmat: Virkni og áhugi í tímum eru metinn, sem og frammistaða og skil á verkefnum.

Tímafjöldi: 1 kennlustund á viku.

Kennari: Þórður Mar Þorsteinsson